

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ

Vatnsgjald.

1. gr.

Af öllum fasteignum í Ísafjarðarbæ sem tengdar eru vatsveitu Ísafjarðarbæjar, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,26% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Gjalddagar.

3. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

Notkunargjald.

4. gr.

Notkunargjald er 26,00 kr./m³ miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 489,6 stig og breytist í byrjun hvers ársfjórðungs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

Mælaleiga.

5. gr.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

Stærð mælis	Mælaleiga á ári
að 20 mm	6.100 kr.
20-24 mm	8.100 kr.
25-31 mm	10.200 kr.
32-39 mm	12.200 kr.
40-49 mm	16.300 kr.
50-74 mm	49.000 kr.
75-99 mm	53.100 kr.
100 mm og stærri	57.200 kr.

Mælaleiga er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 489,6 stig og breytist í byrjun hvers ársfjórðungs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

Heimæðargjald.

6. gr.

Utanmál	Inntaksgjald	Yfirlengd
32 mm	201.000 kr.	4.300 kr./m
40 mm	261.000 kr.	4.900 kr./m
50 mm	352.000 kr.	5.500 kr./m
63 mm	494.000 kr.	6.800 kr./m
75 mm	691.000 kr.	9.500 kr./m
90 mm	836.000 kr.	15.000 kr./m

Nr. 228

5. febrúar 2009

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Heim-æðar 110 mm og viðari greiðast samkvæmt reikningi. Heimaeðargjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 489,6 stig og breytist í byrjun hvers ársfjórðungs og til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

7. gr.

Vatnsgjald og heimaeðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimaeðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimaeðargjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fram fyrir hvers konar samningsveð og aðfararveð. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Vatnsveitu Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimaeðargjald í Ísafjarðarbæ nr. 1325/2007.

Samþykkt í umhverfisnefnd 14. janúar 2009 og í bæjarstjórn Ísafjarðar 5. febrúar 2009.

Ísafirði, 5. febrúar 2009.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. febrúar 2009